

26. apríl 2022

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 1F 2022

Vöxtur í tekjum og bætt afkoma

Í árshlutareikningi samstæðu Símans fyrir fyrsta ársfjórðung 2022 er Míla meðhöndluð sem aflögð starfsemi. Hér að neðan er fjallað um rekstur samstæðu Símans án Mílu.

- Tekjur á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2022 námu 6.093 m.kr. samanborið við 6.018 m.kr. á sama tímabili 2021.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, EBITDA, nam 1.327 m.kr. á 1F 2022 samanborið við 1.274 m.kr. á sama tímabili 2021 og hækkar því um 53 m.kr. eða 4,2%. EBITDA hlutfallið er 21,8% fyrir fyrsta ársfjórðung 2022 en var 21,2% á sama tímabili 2021. Rekstrarhagnaður EBIT nam 574 m.kr. á 1F 2022 samanborið við 504 m.kr. á sama tímabili 2021.
- Hrein fjármagnsgjöld eru jákvæð sem nemur 92 m.kr. á 1F 2022 en voru neikvæð sem nemur 31 m.kr. á sama tímabili 2021. Fjármagnsgjöld námu 113 m.kr., fjármunatekjur voru 200 m.kr. og gengishagnaður nam 5 m.kr. Breyting í fjármagnsgjöldum er tilkomin vegna breyttrar fjármögnunar í lok 1F 2021 og söluhagnaðar af sölu hluta Símans í Auðkenni á 1F 2022.
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi á 1F 2022 nam 553 m.kr. samanborið við 376 m.kr. á sama tímabili 2021. Hagnaður tímabilsins með aflagðri starfsemi nam 746 m.kr.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 8,2 ma.kr. í lok 1F 2022 en voru 8,3 ma.kr. í árslok 2021. Hreinar vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 4,5 ma.kr. í lok 1F 2022 samanborið við 4,8 ma.kr. í árslok 2021.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 43,9% í lok 1F 2022 og eigið fé 30,9 ma.kr.

Orri Hauksson, forstjóri:

„Árið fer ágætlega af stað og í takti við væntingar okkar. Allt í senn er hóflegur vöxtur í tekjum, EBITDA og EBIT milli ára á fyrsta fjórðungi. Við erum stolt af slíkri þróun í umbreytingaferlinu sem nú fer fram á samstæðunni og því harða samkeppnisumhverfi sem ríkir á mörkuðum fjarskipta og afþreyingar á Íslandi.

Vænta má niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins vegna kaupa franska sjóðastýringarfyrirtækisins Ardian á dótturfyrirtæki okkar Mílu nú í sumar. Ýmsar aðgerðir eins og hönnun framtíðar efnahagsreiknings Símans bíða þess að söluferlið verði til lykta leitt, en við viljum þó nýta tímann vel á meðan. Þannig er nú áhersluatriði innan Símans að byggja upp mannauð,

þjónustugetu og skipulag félagsins. Verða fjárfestingar auknar tímabundið í þjónustuinnviðum Símans á árinu, til að styrkja félagið fyrir nýja tíma.

Við höfum nú auglýst tvær nýjar stöður framkvæmdastjóra hjá félaginu, það er *Sölu og þjónustu* og *Sjálfbærni og menningar*. Svið *Stafrænnar þróunar* og *Miðlunar og markaðsmála* eru einnig nýmæli og verður þeim stýrt af þeim Erik Figueras og Magnúsi Ragnarssyni, auk þess sem Óskar Hauksson verður áfram framkvæmdastjóri *Fjármálasviðs*, sem lítið breytist frá núverandi skipulagi. Breytingar á verkefnum innan félagsins munu einnig ná til millistjórnenda og fjölda almennra starfsmanna, en einföldunin sem við hyggjumst ná fram gengur út í gegnum fyrirtækið og styttir boðleiðir innan þess.

Starfsfólki samstæðunnar hefur fækkað verulega á undanförunum árum með útvistunum, fyrirtækjasölum og breyttu vinnulagi. Þannig þarf nýtt skipulag félagsins að endurspegla þessa þróun félagsins, auka fjölbreytni við ákvarðanatöku og byggja undir stafræna þjónustu við viðskiptavinum á markvissan hátt. Framtíð þjónustukeðju fyrirtækja á borð við Símann byggist á að velja framúrskarandi birgja, vinna náði með þeim og stýra þjónustunni til endanlegra viðskiptavina með öruggum hætti. Við erum því afar sátt við að reiða okkur á óumdeilda tækni birgja á borð við Ericsson frá Svíþjóð, Cisco frá Bandaríkjunum og SAP frá Þýskalandi. Þar að auki eru Míla og Sensa, sem bráðum verða bæði fyrrum dótturfélög Símans, hluti af lykilorðum félagsins.

Við nýtum árið líka í að fjárfesta í umbreytingum og uppbyggingu kerfa og þjónustu. Þar má nefna kjarnakerfi 5G, eflða sjónvarpsþjónustu og stafræna verkferla. Við höfum sett á laggirnar nýja þjónustuleið, sem býður saman internet yfir ljósleiðara og farsíma og hefur fengið góðar móttökur. Vöruframboð okkar til einstaklinga, heimila og fyrirtækja mun breytast enn frekar þegar líður á árið. Síminn er þroskað félag sem starfrækir ýmis kerfi frá gamalli tíð en tímamótin í samstæðunni nú eru kjörin til að leggja mörg þeirra af.

Sem fyrr getur er Míla enn í eigu Símans, þótt í reikningnum sé hún eign flokkuð til sölu. Félagið hefur fyrir sitt leyti aukið fjárfestingar í ljósleiðaravæðingu heimila landsins, sérstaklega á landsbyggðinni. Þá er 5G sendakerfi Mílu byggt hratt upp um þessar mundir.

Ýmsir ytri þættir eru óvissu háðir, eins og jafnan er, en þó í óvenjulega miklum mæli nú. Stríðið í Úkraínu, hækkandi verðlag, þróun ferðamannaíðnaðar á Íslandi og breytingar á gengi krónunnar eru allt þættir sem ekki er hægt að sjá fyrir með vissu. Enn sem komið er hafa þessir þættir samanlagt haft lítil áhrif á rekstur Símans frá því sem gera mátti ráð fyrir og samkvæmt okkar mati má ekki vænta mikilla hreyfinga af slíkum völdum út árið. Þetta mat kemur meðal annars til af því að vissir ytri þættir hafa gagnverkandi áhrif og dempa þannig mögulegt heildarútslag í aðra hvora áttina. Hitt er ljóst, að keðja aðfanga verður áfram hæg af völdum heimsfaraldursins og nú einnig vegna hinna vopnuðu átaka. Hvort tveggja veldur töfum á afhendingu búnaðar. Við getum hins vegar stýrt og haldið jafnvægi í flestum öðrum þáttum rekstrarins og horfum því bjartsýn fram veginn að loknum ágætum fyrsta ársfjórðungi.“

Helstu niðurstöður í rekstri 1F 2022

Rekstur samstæðu

Rekstrarreikningur	1F			
	2022	2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.093	6.018	75	1,2%
Kostnaðarverð sölu	(3.762)	(3.783)	21	-0,6%
Rekstrarkostnaður	(1.757)	(1.731)	(26)	1,5%
EBIT	574	504	70	13,9%
Hrein fjármagnsgjöld	92	(31)	123	-396,8%
Tekjuskattur	(113)	(97)	(16)	16,5%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	553	376	177	47,1%
Aflögð starfsemi	193	2.508	(2.315)	-92,3%
Hagnaður tímabils	746	2.884	(2.138)	-74,1%
EBITDA	1.327	1.274	53	4,2%
Hagnaður á hlut	0,08	0,34	(0,26)	-76,5%

Sala á 1F 2022 nam 6.093 m.kr. samanborið við 6.018 m.kr. á sama tímabili árið 2021, sem er 1,2% vöxtur milli ára. Tekjur af farsíma námu 1.413 m.kr. og hækkuðu um 113 m.kr. eða 8,7% á milli tímabila. Tekjur af talsíma námu 378 m.kr. og lækkuðu um 6,9% á milli tímabila. Tekjur af gagnaflutningi námu 1.858 m.kr. og lækkuðu um 1 m.kr. eða 0,1% á milli tímabila. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 1.673 m.kr. og hækkuðu um 48 m.kr. eða 3,0% á milli tímabila. Tekjur af vörusölu voru 449 m.kr. og lækkuðu um 69 m.kr. eða 13,3% á milli tímabila. Aðrar tekjur námu 322 m.kr. og hækkuðu um 12 m.kr. á milli tímabila.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 3.762 m.kr. og lækkar um 21 m.kr. eða 0,6% frá sama tímabili 2021. Rekstrarkostnaður nam 1.757 m.kr. og hækkaði um 26 m.kr. eða 1,5% frá sama tímabili 2021.

EBITDA, þ.e. rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði, var 1.327 m.kr. á 1F 2022 en var 1.274 m.kr. á sama tímabili 2021 og hækkaði um 53 m.kr. á milli tímabila eða um 4,2%. EBITDA hlutfallið er 21,8% á 1F 2022, en var 21,2% á sama tímabili árið 2021.

Afskriftir félagsins námu 753 m.kr. á 1F 2022 samanborið við 770 m.kr. á sama tímabili 2021 og lækka um 17 m.kr. á milli tímabila.

Hrein fjármagnsgjöld voru jákvæð sem nemur 92 m.kr. á 1F 2022 og lækkuðu um 123 m.kr. á milli ára. Lækkunin er tilkomin vegna 113 m.kr. söluhagnaðar af eignarhlut Símans í Auðkenni sem seldur var fyrr á árinu.

Hagnaður á 1F 2022 af áframhaldandi starfsemi nam 553 m.kr. samanborið við 376 m.kr. á sama tímabili 2021. Hagnaður 1F 2022 með aflagðri starfsemi nam 746 m.kr.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar nema samtals 1.323 m.kr. á 1F 2022 samanborið við 1.273 m.kr. á sama tímabili 2021. Aukning á rekstrartengdum eignum og skuldum 1F 2022 eru 313 m.kr.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 1.636 m.kr. 1F 2022 samanborið við 2.507 m.kr. á sama tímabili 2021. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 1.472 m.kr. 1F 2022 samanborið við 2.172 m.kr. á sama tímabili 2021.

Fjárfestingahreyfingar námu 222 m.kr. 1F 2022 samanborið við 1.482 m.kr. á sama tímabili 2021.

Sjóðstreymi	1F 2022	1F 2021
Rekstrarhagnaður tímabils	574	504
Afskriftir og virðisrymun	753	770
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(4)	(1)
Samtals rekstrarhreyfingar	1.323	1.273
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	313	1.234
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.636	2.507
Nettó greiddir vextir	(25)	(115)
Greiddir skattar	(139)	(220)
Handbært fé frá rekstri	1.472	2.172
Fjárfestingarhreyfingar	(222)	(1.482)
Fjármögnunarhreyfingar	(994)	(721)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	256	(31)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(6)	(7)
Handbært fé í upphafi tímabils	3.509	735
Handbært fé í lok tímabilsins	3.759	697

Fjármögnunarhreyfingar eru neikvæðar sem nemur 994 m.kr. á 1F 2022. Stærstur hluti þess er tilkominn vegna kaupa eigin bréfa á tímabilinu að fjárhæð 930 m.kr.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 70.432 m.kr. í lok 1F 2022 en voru 69.727 m.kr. í lok árs 2021.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 8.245 m.kr. í lok 1F 2022 samanborið við 8.294 m.kr. í lok árs 2021. Hreinar vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 4.486 m.kr. í lok 1F 2022 og lækkuðu um 299 m.kr. frá árslokum 2021. Hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda að leiguskuldbindingum meðtöldum á móti EBITDA síðastliðinna tólf mánaða var 0,81.

Eigið fé félagsins nam 30.895 m.kr. í lok 1F 2022 og eiginfjárhlutfall félagsins var 43,9%.

Eignir	31.03.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir.....	2.123	2.219
Leigueignir.....	716	753
Óefnislegar eignir.....	19.055	19.403
Aðrar eignir.....	544	675
Fastafjármunir	22.438	23.050
Eignir flokkaðar til sölu.....	37.232	36.929
Handbært fé.....	3.759	3.509
Aðrir veltufjármunir.....	7.003	6.239
Veltufjármunir	47.994	46.677
Eignir alls	70.432	69.727

Skuldir og eigið fé	31.03.2022	31.12.2021
Eigið fé.....	30.895	31.079
Eigið fé	30.895	31.079
Skuldabréfalán.....	5.946	5.943
Leiguskuldbinding.....	617	653
Tekjuskattsskuldbinding.....	502	604
Langtímaskuldir	7.065	7.200
Skuldir flokkaðar til sölu.....	25.936	25.826
Aðrar skammtímaskuldir.....	6.536	5.622
Skammtímaskuldir	32.472	31.448
Skuldir og eigið fé alls	70.432	69.727

Um starfsemina

- Fyrirhugaðar eru breytingar á skipuriti Símans sem miða að því að auka sveigjanleika til að takast á við breytingar á markaði. Nýtt skipulag mun styðja við stuttar boðleiðir, ýta undir opin samskipti, fjölbreytt viðhorf og hraða ákvarðanatöku þar sem sérstök áhersla verður lögð á sjálfbærni og sjálfsafgreiðslu. Fjölgað verður í framkvæmdastjórn félagsins og hefur þegar verið auglýst eftir tveimur nýjum framkvæmdastjórum. Millistjórnendum mun fækka í tengslum við breytingarnar og skilvirkni í rekstri aukast. Einnig verður farið í auknar fjárfestingar til að hraða stafrænni þróun hjá félaginu.
- Hugmyndasamkeppni meðal starfsmanna (Magnaður mars) var haldin í annað sinn. Komu fram margar hugmyndir og hefur verið ákveðið að fara áfram með 9 verkefni. Sigurverkefni síðasta árs, raddstýring á íslensku, hefur verið í þróun undanfarið ár og eru prófanir hafnar. Í tengslum við það fór Síminn, í samstarfi með Almennarómi og Háskólanum í Reykjavík, af stað með Reddum málinu.
- Áskrifendur að Sjónvarpi Símans Premium kunna að meta fjölbreytt innlent dagskrárefni. Venjulegt fólk var vinsælt í vetur og fimmta þáttaröðin verður tekin upp í sumar. Þá var Brúðkaupið mitt frumsýnt í heild sinni í Sjónvarpi Símans Premium um páskana og hafa þættirnir þegar náð yfir 100 þúsund spilunum. Áhorf á enska boltann hefur aukist mikið síðustu þrjú tímabil. Í ágúst hefst fyrsta tímabilið af enska boltanum af nýju samningstímabili Símans við Premier League.
- Allur rekstur sem tengist fjártæknilausn Símans var færður í dótturfélag Símans um sl. áramót. Félagið heitir Síminn Pay ehf. og er í fullri eigu Símans. Góður stígandi hefur verið í útlánum allt frá því þjónustan var kynnt árið 2019. Í lok 1F 2022 var staða útlána 1.370 m.kr. og hafði tvöfaldast á einu ári. Rekstur félagsins er sjálfbær og hagnaður er af rekstri félagsins. Síminn mun útvíkka vöruframboð sitt á næstu misserum. Skráðir notendur Síminn Pay appsins eru nú 59 þúsund.

Horfur fyrir árið 2022

Spá fyrir árið 2022 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA samstæðunnar verði á bilinu 5,3 til 5,6 ma.kr. Áætlað er að fjárfestingar verði á bilinu 4,3 til 4,6 ma.kr.

Kynningarfundur 27. apríl 2022

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjörins verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2022 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu Orri Hauksson forstjóri og Óskar Hauksson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/umsimann/uppgjor>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í netstreymi á vefslóðinni:

<https://www.siminn.is/fjarfestakynning>.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á fjarfestatengsl@siminn.is og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fjárhagsdagatal 2022

- Uppgjör 2F 2022 23. ágúst 2022
- Uppgjör 3F 2022 25. október 2022
- Ársuppgjör 2022 14. febrúar 2023
- Aðalfundur 2023 9. mars 2023

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

Orri Hauksson, forstjóri Símans, s. 550 6003 (orri@siminn.is)

Óskar Hauksson, fjármálastjóri Símans, s. 550 6003 (oskarh@siminn.is)